

Fundargerð

Fyrsti fundur samstarfshóps vegna gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Teigarhorn

haldinn í gegnum Teams þann 3. febrúar 11:00-11:50

Fundarmenn:

Lára Björnsdóttir, fulltrúi frá Umhverfisstofnun
Þórdís Björt Sigþórsdóttir, fulltrúi frá Umhverfisstofnun
Kristján Ingimarsson, fulltrúi Múlaþings

Markmið fundar

Fara yfir hvernig vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlana fer fram, hlutverk samstarfshóps, verk- og tímaáætlun samþykkt, fara yfir hagsmunaaðilagreiningu, bóka næsta fund, önnur mál.

Dagskrá

Þórdís kynnti fyrir hópnum hvernig vinna við gerð áætlana fer fram.
Verkáætlun var samþykkt af hópnum og stefnt er að áætlunin verði sett í auglýsingu sumarið 2022 og tilbúin haustið 2022.

Skoða sérstaklega aðgengi vel í áætlanagerðinni.

Umræður um Skógræktina þar sem þeir vinna inn á svæðinu, stefnt á samráðsfund með þeim.

Umræður um að halda opinn íbúafund í byggð og fá hugmyndir heimamanna í vor áður en áætlunin fer í kynningu eða á kynningartíma.

Næstu skref:

- 1) Þórdís ber ábyrgð á að setja upp heimasvæði á heimasíðu Umhverfisstofnunar með upplýsingum um hagsmunaaðilagreiningu og verk og tímaáætlun.
- 2) Lára og Þórdís setja upp drög að hagsmunaaðilagreiningu og senda á hópinn fyrir næsta fund (febrúar 2022).
- 3) Næsti fundur verður í lok febrúar 2022 þar sem samstarfshópurinn fer saman yfir drög að hagsmunaaðilagreiningu og 1. kafla áætlunarinnar.